

# Rituximab

## Lyfjagjöf vegna taugasjúkdóms

Rituximab er líftæknilyf sem er meðal annars notað í völdum tilfellum við ákveðnum taugasjúkdómum. Lyfið er ónæmisbælandi og virkar á svokallaðar B frumur í ónæmiskerfinu. Lyfið getur haldið sjúkdómum niðri og dregið úr einkennum þeirra.

Misjafnt er hversu fljótt lyfið byrjar að virka. Sumir finna mun eftir nokkrar vikur en algengara er að áhrifa lyfsins verði fyrst vart eftir nokkra mánuði.

### Undirbúningur fyrir lyfjagjöf

Mælt er með að borða morgunmat og taka morgunlyf áður en komið er í lyfjagjöf. Einnig er gott að hafa með sér nesti, teppi, heyrnartól og afþreyingu.

#### Áríðandi

Endanleg ákvörðun um það hvort lyfjagjöf er tímabær eða hvort fresta þarf meðferð byggist á niðurstöðum blóðgilda (B frumna og IgG). Mæta þarf í blóðsýnatöku (opið á virkum dögum nema föstudaga), eigi síðar en 10-14 dögum fyrir fyrirhugaða lyfjagjöf, svo niðurstöður liggi fyrir í tíma. Hjúkrunarfræðingur á göngudeild taugasjúkdóma fer yfir niðurstöður með tilliti til lyfjagjafar.

### Gjöf lyfsins

Rituximab er gefið sem innrennsli í æð á dagdeild lyflækninga A-3 í Fossvogi.

Lyfið getur valdið ofnæmisviðbrögðum. Því eru gefin verkja- og ofnæmislyf, auk stera í æð, um hálf tíma áður en lyfið er gefið. Ráðlagt er að drekka vel af vökva meðan á lyfjagjöfinni stendur. Gera má ráð fyrir að fyrsta lyfjagjöf taki um 5-6 klukkustundir. Ef ekki verður vart við ofnæmiseinkenni er lyfið gefið hraðar við seinni gjafir, eða á um það bil 3-4 klukkustundum.

Óhætt er að fara heim að lokinni lyfjagjöf. Tíðni gjafa fer síðan eftir virkni sjúkdóms, en algengt er að lyfið sé gefið fyrst á um sex mánaða fresti og síðan líði lengra á milli lyfjagjafa.

### Aukaverkanir

Meðan á gjöf lyfsins stendur er mögulegt að aukaverkanir komi fram. Algengustu aukaverkanir eru yfirleitt vægar og koma fram í fyrsta innrennsli, sjá töflu 1. Ef aukaverkanir koma fram getur þurft að hægja á eða stöðva gjöf lyfsins í 15-30 mínútur og gefa aftur ofnæmislyf.

Tafla 1. Aukaverkanir sem geta komið fram meðan á gjöf rituximab stendur eða næstu klukkustundir eftir gjöf

Vægar aukaverkanir	Alvarlegri aukaverkanir
<p><b>Stundum koma fram einkenni sem líkjast flensu:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hiti eða kuldahrollur</li> <li>• Höfuðverkur og vöðvaverkir</li> <li>• Kláði og roði í húð og hársverði</li> <li>• Kitl eða kláði í hálsi</li> <li>• Þreyta</li> <li>• Ógleði</li> <li>• Lækkun á blóðþrýstingi</li> </ul>	<p><b>Sjaldgæf einkenni:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Ofnæmisviðbrögð</li> <li>• Erfiðleikar við öndun</li> <li>• Mikil lækkun blóðþrýstings</li> </ul>

## Ofnæmisviðbrögð

Alvarleg ofnæmisviðbrögð eru mjög sjaldgæf en þau krefjast alltaf meðhöndlunar læknis.

**Leitaðu læknishjálpar tafarlaust ef eitt af eftirfarandi einkennum koma fram eftir að heim er komið:**

- Öndunar- eða kyngingarerfiðleikar
- Þroti í andliti, tungu, vörum eða hálsi
- Lágur blóðþrýstingur
- Verulegur kláði í húð ásamt rauðum útbrotum

**Í neyðartilfellum er hringt í 112**

## Eftir gjöf

Lyfið hefur áhrif á myndun hvítra blóðkorna. Slíkt getur haft í för með sér aukna hættu á sýkingum svo sem í öndunar- og þvagfærum. Þá geta komið fram sár í munni eða á húð. Ef grunur er um sýkingu þarf alltaf að leita læknis.

Öryggiskort, sem staðfestir meðferð með rituximab, ónæmisbælandi líftæknilýfi, er annað hvort afhent á göngudeild taugasjúkdóma við fyrstu lyfjagjöf eða sent rafrænt í símaveski (wallet). Mikilvægt er að bera það á sér og framvísa því til dæmis hjá öllum læknum og tannlæknum sem þú ferð til.

## Eftirlit

Eftirlit felst í blóðsýnatöku fyrir hverja lyfjagjöf. Læknir ákveður hvernig eftirliti er háttað.

## Til athugunar

Vegna ónæmisbælingar er mikilvægt að fylgja þeirri skimun sem almennt er mælt með svo sem myndatöku af brjóstum, leghálsstroki, ristilspeglun og reglulegri blettaskoðun hjá húðlækni.

## Akstur

Rituximab hefur lítil eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

## Skurðaðgerðir

Fresta ætti skurðaðgerðum eins lengi og hægt er eftir gjöf rituximab. Eftir skurðaðgerð má hefja lyfjagjöf aftur þegar búið er að fjarlægja sauma úr skurðsári og engin merki eru um sýkingu í sárinu. Láttu starfsfólk göngudeildar vita ef til stendur að gera skurðaðgerð til að hægt sé að skipuleggja lyfjagjöf með tilliti til þessa.

### Til athugunar

Segðu frá því að þú sért á meðferð með rituximab við komu til lækna, tannlækna, á bráðamóttöku eða við innlögn á sjúkrahús.

## Bólusetningar

Rituximab getur dregið úr virkni bóluefna. Því er mælt með að láta yfirfara reglubundnar bólusetningar áður en meðferð er hafin svo sem vegna:

- Inflúensu
- Stífkrampa
- Lungnabólgu (pneumokokka)
- Lifrabólgu B
- Ferðalaga erlendis (ferðamannabólusetningar)

Hafðu samband við göngudeild taugasjúkdóma ef þörf er á bólusetningu. Eftir að meðferð með rituximab er hafin á ekki að bólusetja með heilum, veikluðum eða deyddum sýklum (veirum, bakteríum) nema í samráði við þinn sérfræðing.

- Eftir bólusetningar þarf að bíða með lyfjagjöf í 4-6 vikur
- Eftir lyfjagjöf þarf að bíða með bólusetningu í 4-6 mánuði

Ráðleggingar embættis landlæknis um COVID bólusetningu og tímasetningu þeirra eru á vefnum [island.is](https://island.is/bolusetning-covid19):  
<https://island.is/bolusetning-covid19>

## Pungun og brjóstagjöf

Meðferð með rituximab er ekki frábending fyrir þungun eða brjóstagjöf. Ráðlagt er að ræða fyrirhugaðar barneignir og brjóstagjöf við taugalækni.

## Ferðalög

Þegar ferðast er erlendis er ráðlagt að hafa meðferðis evrópska sjúkratryggingakortið. Sótt er um skírteinið á [sjukra.is](http://sjukra.is)

### Hafðu samband við göngudeild taugasjúkdóma eða heilsugæslustöð ef eftirfarandi einkenni koma fram:

- Breyting á þvaglátum svo sem ef þau eru tíð, sárt er að pissa eða þvagið er gruggugt og illa lyktandi
- Hósti, uppgangur eða þyngsli fyrir brjósti
- Líkamshiti er hærra en 38,2 C
- Breytingar á fæðingablettum á húð eða nýir koma fram
- Roði, verkir og bólga í húð

Í neyðartilfellum er hringt í 112

### Símanúmer

Göngudeild taugasjúkdóma E2 (afgreiðsla), opin virka daga klukkan 8:00-14:00	543 4010
Dagdeild lyflækninga A3, (afgreiðsla), opin virka daga klukkan 8:00-12:00	543 6714
Skiptiborð Landspítala, opið allan sólarhringinn	543 1000

### Frekari upplýsingar um rituximab

Upplýsingar um aukaverkanir og virkni lyfsins er að finna á fylgiseðli þess.